



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 6. maí 2012

Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 26. apríl breytingar á reglugerðum KSÍ.

Breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Breyting er gerð á ákvæðum um úrslitakeppnir yngri flokka í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Breyting á ákvæði 27.1.6

Núverandi:

27.1.6. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og skal skipa liðum í tvo riðla sem hér segir:

Riðill 1: A1, A3, B2 og C1.

Riðill 2: A2, B1, E1 og F1.

Ef F1 tekur ekki þátt í úrslitakeppni kemur E2 í stað þess.

(Hér táknar A1: Lið nr. 1 í A riðli í undankeppni o.s.frv.)

Breytist og verður:

27.1.6. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og skal skipa liðum í tvo riðla sem hér segir:

Riðill 1: A1, A3, B2 og C1.

Riðill 2: A2, B1, E1 og F1.

Ef F1 tekur ekki þátt í úrslitakeppni kemur **A4 eða E2** í stað þess.

(Hér táknar A1: Lið nr. 1 í A riðli í undankeppni o.s.frv.)

Breyting á ákvæði 28.1.10

Núverandi:

28.1.10. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-liða um Íslandsmeistaratitilinn. Úrslitakeppni B liða skal fara fram á sama hátt, en úrslitakeppni C og D liða fer fram samkvæmt ákvörðun mótanefndar.

Í keppni A og B liða skal skipa félögum í þrjá riðla með fjórum liðum sem hér segir:

Riðill 1: A1, A4, B3 og D1.

Riðill 2: A2, B2, E1 og F1.

Riðill 3: A3, B1, E2 og C1.

Ef keppni fer ekki fram í D riðli skal lið F2 koma í stað D1

Leika skal sem hér segir:

Umferð 1: A1-D1, B3-A4, A2-F1, B2-E1, A3-C1, E2-B1

Umferð 2: D1-A4, A1-B3, F1-E1, A2-B2, C1-B1, A3-E2

Umferð 3. B3-D1, A4-A1, B2-F1, E1-A2, E2-C1, B1-A3

Breytist og verður:

28.1.10. Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-liða um Íslandsmeistaratitilinn. Úrslitakeppni B liða skal fara fram á sama hátt, en úrslitakeppni C og D liða fer fram samkvæmt ákvörðun mótanefndar.

Í keppni A og B liða skal skipa félögum í þrjá riðla með fjórum liðum sem hér segir:

Riðill 1: A1, A4, B3 og D1.

Riðill 2: A2, B2, E1 og F1.

Riðill 3: A3, B1, E2 og C1.

Ef keppni fer ekki fram í D riðli skal lið E3 koma í stað D1

Ef keppni fer ekki fram í F riðli skal lið A5 eða C2 koma í stað F1

Leika skal sem hér segir:

Umferð 1: A1-D1, B3-A4, A2-F1, B2-E1, A3-C1, E2-B1

Umferð 2: D1-A4, A1-B3, F1-E1, A2-B2, C1-B1, A3-E2

Umferð 3. B3-D1, A4-A1, B2-F1, E1-A2, E2-C1, B1-A3

Greinargerð

Gerð var breyting á keppnisfyrirkomulagi sem hefur áhrif á styrkleika riðlanna í 4. og 5. flokki karla á Norður- og Austurlandi.

4. flokkur karla: Vegna ákvörðunar stjórnar KSÍ að heimila KA og Þór að leika í A riðli, er gerð breyting á grein 27.1.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót á þá leið að E2 og A4 leiki aukaleik um laust sæti í úrslitakeppni mótsins.

5. flokkur karla: Vegna ákvörðunar stjórnar KSÍ að sameina E og F riðla, er gerð breyting á grein 28.1.10 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót á þá leið að E3 komi í stað D1 og að A5 og C2 leiki aukaleik um laust sæti í úrslitakeppni mótsins.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ